



298. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í gegnum Teams fjarfundabúnað, kl. 12:00 fimmtudaginn 10. desember 2020.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, , Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ása Ólafsdóttir og Þórey Edda Elísdóttir.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Andri Stefánsson fór yfir stöðu ólympískra verkefna. Sem fyrr er mikil óvissa með Ólympíuleikana í Tókýó og ekki enn hægt að segja til um hvort að þeir muni fara fram.

2. Stoðsvið ÍSÍ

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Fram kom að farið er að gæta jákvæðra áhrifa af gæðavottuninni Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Sú vottun hefur haft hvetjandi áhrif á félög sem starfa innan þeirra héraða sem hafa hlotið vottunina, í þá veru að þau horfa í auknum mæli til þess að að verða Fyrirmyndarfélög og Fyrirmyndardeildir ÍSÍ.

Mikil áhersla hefur verið lögð á endurskoðun þjálfaramenntunar og kennsluumhverfis hennar síðustu vikur og mánuði.

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Undirbúningur Lífshlaupsins er í fullum gangi en verkefnið hefst 3. febrúar nk. Nýtt smáforrit fyrir verkefnið er í vinnslu, með fjárstuðningi í gegnum Íþróttaviku Evrópu. Smáforritið gerir þátttakendum mögulegt að skrá hreyfingu sína í gegnum snjallsíma. Stefnt er að því að Kvennahlaupið fari fram í september í tengslum við Íþróttaviku Evrópu og í meira samstarfi við íþróttahreyfinguna um land allt heldur en áður hefur verið.

Starfsmenn sviðsins hafa undanfarið unnið að kynningarefni og verkáætlunum fyrir verkefni sviðsins.

3. Aðgerðarpakki stjórnvalda vegna COVID-19

Forseti skýrði frá þeirri vinnu sem unnin hefur verið undanfarnar vikur varðandi fjárstuðning ríkisstjórnarinnar við íþróttastarfið í landinu. Frumvarp til laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirunnar er langt komið. Send var umsögn frá ÍSÍ um frumvarpið til að skerpa á orðalagi.

Almennar umræður urðu um stuðninginn sem felst í frumvarpinu og tímaramma þar að lútandi. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að koma verktakagreiðslum inn í frumvarpið og er vonast til að það verði raunin, í ljósi umræðna á Alþingi í fyrstu umræðu um frumvarpið.

Rætt um önnur úrræði til stuðnings íþróttahreyfingunni, sem stjórnvöld hafa boðað og næstu skref í þeim efnum. Allt í allt telja úrræði ríkisins um 1,3 milljarða króna í stuðningi til íþróttahreyfingarinnar.

Fundarmenn lýstu yfir þakklæti til ríkisstjórnarinnar vegna þessa mikla stuðnings og þess skilnings sem hún hefur sýnt starfi íþróttahreyfingarinnar í landinu á tímum kórónuveirunnar.

Gjaldkeri ÍSÍ þakkaði framlínu ÍSÍ fyrir þá miklu vinnu sem unnin hefur verið undanfarna mánuði til að tryggja stuðning til íþróttahreyfingarinnar og tóku fundarmenn undir hans orð.

4. Málefni COVID-19

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi takmarkanir í íþróttastarfinu vegna sóttvarnarráðstafana og innihald nýrra reglugerðar heilbrigðisráðherra sem tók gildi í dag. Helstu áhyggjur allra sem að koma beinast að ungmennum í landinu en enn eru miklar takmarkanir á þeirra þátttöku í íþróttastarfinu. Næstu afléttingar hafa verið boðaðar 12. janúar nk.

Fundarmenn tóku undir áhyggjur varðandi ungmennin. Umræður urðu um möguleg úrræði og betri upplýsingagjöf varðandi þennan aldurshóp.

5. Stefna ÍSÍ í almenningsíþróttum

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á tillögu sviðsins um ofangreinda stefnu.

Fram komu nokkrar breytingatillögur til viðbótar og var ákveðið að vinna upp tillöguna með hliðsjón af framkomnum athugasemdum og taka málið aftur fyrir á næsta fundi stjórnar.

6. Ársþing EOC

Framkvæmdastjóri skýrði stuttlega frá ársþingi EOC sem fram fór í gegnum fjarfundabúnað 27. nóvember sl. Á þinginu var samþykkt að halda næsta ársþing samtakanna í apríl 2021 þar sem kosið verður um forseta og stjórn. Einnig var samþykkt að í stjórn samtakanna verði að aldrei færri en fimm af hvoru kyni en 16 aðilar samtals sitja í stjórn EOC.

7. Íþróttamaður ársins 2020

Nú er ljóst að ekki verður hægt að halda hefðbundið sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna um Íþróttamann ársins 2020. Samtökin hafa ákveðið að lýsa sínu kjöri í beinni útsendingu á RÚV 29. desember nk. og hefur ÍSÍ verið boðið að útnefna einstakling í Heiðurshöll ÍSÍ við sama tækifæri.

Samþykkt að þiggja boðið og er stefnt að útnefningu í Heiðurshöllina í útsendingu RÚV.

Samþykkt að ÍSí gefi sérsamböndum og séríþróttanefndum bikara til íþróttakonu og íþróttamanns í hverri íþrótt, líkt og áður, sem afhentir verði við viðeigandi tækifæri sem viðkomandi samband skipuleggur. Fulltrúi frá ÍSí verði viðstaddur afhendingu viðurkenninganna, ef tækifæri gefst til.

8. #verumhraust

Skrifstofustjóri fór yfir #verumhraust hvatningarherferð ÍSí og helstu niðurstöður úttektar á samfélagsmiðlum ÍSí varðandi markhópa, dreifingu og athygli. Verkefnið hefur aðallega snúist um birtingu hvetjandi skilaboða á samfélagsmiðlum, hlaðvarpsviðtöl við þekkt afreksíþróttafólk og þjálfara og 7 daga hreyfiáskoranir.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju með átakið og þau jákvæðu skilaboð sem átakið hefur sent út í samfélagið. Rætt um næstu skref, fjármögnun og áherslur.

Skrifstofa mun vinna ítarlegri áætlun um fjárþörf næstu mánaða og yfirlit um áherslur og verkefni sem stefnt er á að stofna til undir merkjum átaksins.

9. Verkefnið „Koma svo!“

Viðar Garðarsson skýrði frá tillögu að landsátaki í hreyfingu, sem hlotið hefur vinnuheitið „Koma svo!“. Verkefnið byggir á danskri fyrirmynd á vegum DIF og DGI samtakanna sem kallast „Bevæg dig for livet!“. Horft er til þess að aðlaga danska átaksverkefnið aðstæðum hér á landi.

Vinnuhópur sem samanstendur af tveimur starfsmönnum ÍSí, tveimur starfsmönnum tilnefndum af UMFÍ, Viðari sjálfum og Valdimar Gunnarssyni framkvæmdastjóra UMSK, hefur undanfarnar vikur skoðað aðstæður til slíks verkefnis hér á landi og möguleika.

Viðar kynnti ýmsa tölfræði varðandi heilsufar þjóðarinnar og fór yfir helstu markmið verkefnisins.

Fundarmenn óskuðu eftir ítarlegri skýrslu um verkefnið, ekki síst varðandi kostnaðaráætlun og afmörkun framkvæmdaþrepa. Málið verður tekið aftur fyrir á næsta fundi stjórnar.

10. Vinnuhópar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí

Knútur kynnti niðurstöður vinnuhóps um tryggingamál afreksíþróttafólks. Helstu niðurstöður eru þær að víða er pottur brotinn varðandi tryggingarmál afreksíþróttafólksins í landinu og vinna verður að úrbótum með markvissum hætti.

Vinnuhópurinn leggur til að ÍSí fái aðstoð frá fagaðila um tryggingar við frekari greiningar á þessum málaflokki.

Olga Bjarnadóttir kynnti niðurstöður vinnuhóps um skólamál afreksíþróttafólks. Í lokaskýrslu hópsins eru nokkrar tillögur til úrbóta, til skoðunar fyrir ÍSí til framtíðar.

11. 75. Íþróttáþing ÍSí

Farið yfir undirbúning fyrir næsta Íþróttáþing ÍSí sem boðað hefur verið 7.-8. maí nk.

12. Ferðasjóður íþróttafélaga

Skrifstofustjóri ÍSí skýrði frá því að opnað hafi verið fyrir umsóknir í Ferðasjóð íþróttafélaga. Skilafrestur umsókna rennur út 11. janúar nk. Settur var fyrirvari um að

hugsanlega yrði að gera breytingar á úthlutun þessa árs, með hliðsjón af því að mótahald á árinu var með óhefðbundnum hætti vegna kórónuveirunnar. Vinnuhópur ÍSÍ um Ferðasjóð Íþróttafélaga mun hittast eftir að umsóknartímabilið rennur út og skoða mögulegar útfærslur á útreikningi styrkja. Allar breytingar á forsendum eða útreikningi styrkja úr sjóðnum eru bornar undir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

13. Skráningarkerfi – staða mála

Andri Stefánsson fór yfir stöðu mála. Vinnu miðar vel en tillögur til umfjöllunar og ákvörðunar eru ekki tilbúnar.

14. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- 297. fundur framkvæmdastjórnar
- 17. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 8. desember 2020
- Fundur Afrekssjóðs ÍSÍ frá 7. desember 2020.

Lilja Sigurðardóttir formaður Afrekssjóðs ÍSÍ skýrði frá því að verið væri að vinna úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ fyrir næsta ár. Vænta má að kalla verði til fundar á Microsoft Teams til að staðfesta úthlutunina síðar í mánuðinum. Lilja fór einnig yfir áætlaðar niðurfellingar vegna verkefna sem ekki var farið í á árinu 2020.

- Fundir Heiðursráðs ÍSÍ frá 11. og 17. nóvember og 8. desember 2020
- Ársskýrsla Afrekssjóðs ÍSÍ 2020

15. Heiðranir

Hafsteinn Pálsson fylgdi úr hlaði tillögu Heiðursráðs ÍSÍ um næstu útnefningu í Heiðurshöll ÍSÍ.

Samþykkt að útnefna Hauk Gunnarsson frjálsíþróttamann næstan inn í Heiðurshöllina. Útnefningin verður kynnt í beinni útsendingu á RÚV í tengslum við kjör Íþróttamann ársins 2020.

16. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

17. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Einn fundur er áætlaður síðar í desembermánuði í tengslum við úthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ. Fundardagsetning vegna janúarfundar verður send út síðar.

18. Önnur mál

Breytingar í starfsmannahópi ÍSÍ

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að Örvar Ólafsson væri á förum frá ÍSÍ en hann hefur verið ráðinn sem leiðandi sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um tilnefningu fulltrúa ÍSÍ í fagráð um umferðarmál.

Ofangreint erindi tekið fyrir. Óskað er eftir því að ÍSÍ tilnefni karl og konu.

Samþykkt að tilnefna Líneyju Rut Halldórsdóttur og Andra Stefánsson sem fulltrúa ÍSÍ í fagráðið.

Árþing ENGSO

Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti fór stuttlega yfir það helsta frá árþingi ENGSO samtakanna sem fór fram á Microsoft Teams 12. desember sl.

Forseti óskaði fundarmönnum gleðilegra jóla og sleit fundi.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.